

19. FEB. 2019

M. 11.0

FJR 19020050

Til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins  
 Arnarhvoli, 101 Reykjavík  
 Berist til Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra

Reykjavík 19. febrúar 2019

*Efni: Viðbrögð við bréfi ráðherra til stjórna syriertækja í ríkiseigu frá 12. febrúar 2019.*

Ágæti ráðherra.

Stjórn Landskerfis bókasafna hf., syriertækis sem er að meirihluta í eigu ríkisins, barst bréf yðar dagsett 12. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir upplýsingum um í hvaða mæli tilmæli í bréfi ráðuneytisins frá janúar 2017 hafi verið höfð til hliðsjónar við ákvörðun launa framkvæmdastjóra. Í bréfi ráðuneytisins segir einnig að „hafi stjórnir ákvarðað framkvæmdastjórum launa-hækkanir umfram almenna launaþróun er óskað eftir því að þær færi rök syrir þeim ákvörðunum með tilvísunar til eigendastefnu.“

Í fyrra bréfi ráðuneytisins, sem hér er vísað til og dagsett var 6. janúar 2017, segir meðal annars að launaákvvarðanir skuli vera varkárar, að laun og kjör séu einföld og gagnsæ, að gætt sé að jafnréttissjónarmiðum og launastefnan sé samkeppnishæf en hósleg. Þá skuli „horlt til ábyrgðar og árangurs við ákvörðun um starfskjör“.

Stjórn félagsins hefur sylgt þessum sjónarmiðum. Skv. bréfi frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, sem dagsett var 6. janúar 2017, fél framkvæmdastjóri félagsins undan ákvörðunarvaldi Kjararáðs. Stjórn Landskerfis bókasafna hf. hefur tvívar tekið ákvörðun um laun framkvæmdastjóra félagsins frá byrjun árs 2017 og var það gert í desember 2017 og svo aftur í október 2018. Laun framkvæmdastjórans voru 1. janúar 2017 kr. 1.017.277 en voru 1. janúar 2019 kr. 1.110.868 og hafa því hækkað um 9,2%. Hækjunin á tveimur heilum árum var innan við eitt hundrað þúsund krónur. Á þessum tveimur árum hafa laun framkvæmdastjórans hækkað lítillega umfram vísitölu neysluverðs en ef þau hefðu sylgt launavísitölu væru þau nú kr. 1.151.735 eða hærri en þau eru í reynd. Framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna hefur með öðrum orðum ekki fengið launahækkanir umfram almenna launaþróun.

Þess má geta að framkvæmdastjórin hefur staðið sig vel í starfi sínu og telur stjórnin að þarna sé um hósleg laun að ræða þó að vonandi séu þau samkeppnishæf. Hafi ráðuneytið athugasemdir við launakjör framkvæmdastjórans hjá Landskerfi bókasafna hf. væri gott að heyra af því sem fyrst.

Virðingarfyllst,

Dr. Árni Sigurjónsson  
 formaður stjórnar Landskerfis bókasafna hf.  
[arni@godur.is](mailto:arni@godur.is) • s. 8204946